

Alþingi

Erindi nr. D 139/2276

komudagur 5.5.2011

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2011

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994 um neytendalán, með síðari breytingum, 724. mál.

Frá því svokölluð smálánafyrirtæki hófu starfsemi hér á landi hafa Neytendasamtökin ítrekað varað við töku slíkra lána og kallað eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum. Því telja samtökin mikið fagnaðarefni að til standi að koma einhverjum böndum á starfsemi smálánafyrirtækja og fella slíkar lánveitingar undir lög nr. 121/1994 um neytendalán.

Að þessu sögðu gera samtökin þó eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp:

Um hugtakið „smálán“: Í 4. gr. frumvarpsins er rætt um smálán og rétt neytenda til að falla frá samningi um slíkt lán. Hvergi er hins vegar í texta frumvarpsins, né í lögum nr. 121/1994 um neytendalán að finna skilgreiningu á hugtakinu „smálán“. Þrátt fyrir að ljóst sé, sé litið til þeirra smálánafyrirtækja sem nú eru starfandi, við hvað er átt telja Neytendasamtökin þó nauðsynlegt að bætt sé inn í 4. gr. laga nr. 121/1994 skilgreiningu á hugtakinu smálán.

Um a-lið 1. gr.: Með þessu ákvæði er lagt til að eftirleiðis falli lánsamningar sem gerðir eru til skemmri tíma en þriggja mánaða einungis utan við gildissvið laganna ef greiða þarf „óverulegan“ kostnað vegna þeirra. Hvergi í frumvarpsgreininni sjálfri né í athugasemdum með henni er þó skýrt frekar hvað teljist „óverulegt“ í þessu samhengi. Sé kostnaður af lánum hjá Kredia til að mynda tekinn til skoðunar er hann 2.500 kr. vegna 10.000 króna láns. 2.500 kr. teljast varla samkvæmt venjulegum málskilningi til verulegs kostnaðar. Í tilviki Kredia er hins vegar um 600% kostnað á ársgrundvelli

að ræða og 25% kostnað vegna 10.000 kr. láns sem veitt er til fimmtán daga. Sé það tekið með í reikninginn er vissulega ekki um „óverulegan“ kostnað að ræða. Þar sem „óverulegt“ er fremur matskennt hugtak telja Neytendasamtökin nauðsynlegt að skýra betur hvað átt er við, e.t.v. með reiknidæmum eða einhverjum tölulegum upplýsingum um það hvað skuli skoðast óverulegt í þessu samhengi þannig að ekki leiki vafi á hvort lánessamningar falli undir gildissvið laganna.

Um 2. mgr. 3. gr.: Neytendasamtökin hafa lengi gagnrýnt að ekki sé fyrir hendi almenn skylda lánveitenda til að framkvæma greiðslumat áður en lánveiting fer fram. Þá hafa samtökin jafnframt gagnrýnt að ekki séu til reglur um það hvernig greiðslumat skuli unnið, en án slíkra reglna, þ.e. meðan fyrirtæki ákveða sjálf hvaða háttur skuli hafður á framkvæmd greiðslumats, má velta fyrir sér hvort skylda til greiðslumats nær tilgangi sínum. Samtökin nota því tækifærið og ítreka kröfu sína um að settar verði ítarlegar og vandaðar reglur um það hvernig raunhæft greiðslumat skuli fara fram.

Þó samtökin fagni því að skylda til greiðslumats verði sett í lög, er óhjákvæmilegt að velta því upp hvort 2. mgr. 6. gr. gangi e.t.v. of langt. Með henni er lagt til að óheimilt verði að greiða út lán samkvæmt lögnum nema greiðslumat fari fram áður. Nú er ljóst að með frumvarpinu er lagt til að gildissvið laga nr. 121/1994 um neytendalán verði víkkað talsvert út frá því sem nú er. Þannig munu, nái þetta frumvarp fram að ganga, samningar sem gilda eiga skemur en þrjá mánuði og greiða þarf meira en óverulegan kostnað af, og samningar að lægri fjárhæð en 15.000 kr., falla undir lög. Þ.a.l. er ljóst að t.a.m. viðskiptavinur banka með trausta viðskiptasögu og handbært fé annars staðar mun væntanlega þurfa að gangast undir greiðslumat þurfi hann tímabundna yfirdráttarheimild að upphæð 5.000 kr., enda hafi ekki lánessamningur verið gerður fyrir, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 3. gr. Sama mundi væntanlega gilda um neytanda sem hygðist kaupa vöru með svokölluðum raðgreiðslum. Hætt er við að slíkt fyrirkomulag muni valda neytendum, sem eru vanir að ganga frá slíkum fyrirgreiðslum með einu símtali eða við kaup í verslun, nokkru óhagræði. Neytendasamtökin telja því eðlilegt að skoðað sé hvort rétt sé að setja einhver mörk (gólf) á þessa skyldu til greiðslumats, t.a.m. að hún miði við ákveðna lásupphæð eða ákveðnar tegundir lána. Eða e.t.v. að veitt verði undantekning frá skyldu til greiðslumats eigi lánveitandi (e.t.v. banki eða kreditkortafyrirtæki) og lántaki í viðvarandi viðskiptasambandi, lásupphæðin sé tiltölulega lág og staða

viðskiptamanns að öðru leyti gefi sterklega til kynna að hann sé þess megnugur að standa við skuldbindingar þær er í lántökunni felast. Því telja samtökin mjög brýnt að reglugerð sú sem fjallað er um í 3. mgr. 3. gr. verði sett samhliða gildistöku laganna, nái þau fram að ganga, og að þar verði kveðið á um nánari reglur þessu aðlútandi. Í þessu sambandi er e.t.v. rétt að benda á að í tilskipun 2008/48/EB um neytendalán virðist vera gert ráð fyrir, sbr. 4. tl. 6. gr., að beiðni um yfirdráttarlán sem sé veitt samstundis geti farið fram í gegnum síma. Þá nær gildissvið tilskipunarinnar raunar ekki til yfirdráttarlána sem endurgreiða skal innan mánaðar, sbr. e-lið 2. töluliðs 2. gr. Nái frumvarpið hins vegar fram að ganga er ljóst að allir samningar um yfirdráttarlán munu falla innan gildissviðs laga um neytendalán, enda verður varla talið að kostnaður yfirdráttalána hér á landi sé óverulegur, sbr. a-lið 1. gr. frumvarpsins. Áðurnefnd tilskipun hefur ekki verið innleidd að fullu hér á landi, en þegar vinna við innleiðingu hefst þarf vissulega að huga að því hvernig hugsanlegar undantekningar á skyldu til greiðslumats samrýmast 8. gr. hennar. Þangað til leggja Neytendasamtökin því til að áðurnefnd reglugerð verði sett sem taki á ákveðnum markatilvikum, eins og beiðnum um lágt yfirdráttarlán og gerð raðgreiðslusamninga. Telja samtökin því æskilegt að slakað verði á kröfum 2. mgr. 6. gr. um afdráttarlausu skyldu til greiðslumats þar til títtnefnd tilskipun hefur verið innleidd.

Þá er einnig óljóst af frumvarpinu hvaða afleiðingar það hafi fyrir afdrif lánessamnings fari greiðslumat ekki fram eða það er neikvætt. Vissulega er gert ráð fyrir að Neytendastofa hafi eftirlit með því að farið sé að lögnum og hefur stofnunin á valdi sínu ýmis úrræði til að knýja á um að það sé gert. Hins vegar þyrfti að vera ljóst hvaða áhrif vanræksla á gerð greiðslumats hefur á lánessamninginn sjálfan, þ.e. hvort lánveitandi missir þá t.a.m. rétt til endurgreiðslu, hvort samningurinn er ógildur frá upphafi eða hvaða önnur áhrif þetta kann að hafa. Rétt er að taka fram að að mati samtakanna væri rétt að skylda til endurgreiðslu félli niður í slíkum tilvikum, enda þá um grófa vanrækslu lánveitanda að ræða.

Almennar athugasemdir: Hinn 15. júní 2010 barst Neytendasamtökunum svar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, tilv.:EVR10010023/3.12, vegna erindis samtakanna um svokölluð sms-lán, dags. 29. desember 2009. Í því svari kemur fram að ráðuneytið telji regluverk Evrópusambandsins setja því skorður að hægt sé að gera starfsemi smálánafyrirtækja eftirlitsskylda. Þannig væri örðugt að fella slíka starfsemi undir lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar eð þau lög geri ráð fyrir að veiting

útlána sem fjármögnuð séu með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi sé leyfisskyld starfsemi. Smálán séu hins vegar ekki fjármögnuð með þeim hætti. Án þess að fullyrt verði hér um það hvort tilskipun Evrópusambandsins 2006/48/EB eða aðrar Evróputilskipanir kynnu að standa því í vegi, sem vel má vera, að smálánafyrirtæki verði felld undir áðurnefnd lög um fjármálafyrirtæki telja Neytendasamtökin afar mikilvægt að látið verði á það reyna. Væri starfsemi smálánafyrirtækja felld undir þau lög yrðu þau að lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins, fylgja reglum 19. gr. laganna um góða viðskiptahætti og venjur o.s.frv. Það sem e.t.v. er mest um vert er að væru þessi fyrirtæki felld undir lög um fjármálafyrirtæki væri þeim jafnframt skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sbr. 2. mgr. 19. gr. a., en sú nefnd er í raun eina úrræðið utan dómstóla sem viðskiptavinir fjármálafyrirtækja eiga kost á að nýta sér til að sækja einkaréttarlegar kröfur sínar. Neytendastofa, sem hefur eftirlit með lögum nr. 121/1994 um neytendalán úrskurðar hins vegar ekki um einkaréttarlegar kröfur, og því er mjög brýnt að fella starfsemi þessara fyrirtækja með einhverjum hætti undir valdsvið áðurnefndrar nefndar.

Að öðru leyti gera Neytendasamtökin ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir